



Starfsreglur læknanefndar HSÍ

1.gr. Skipun

Læknanefnd HSÍ starfa samkvæmt lögum HSÍ. Nefndin skal skipuð a.m.k. 3 mönnum, sem stjórn HSÍ tilnefnir. Skal a.m.k. einn nefndarmaður vera læknir.

2.gr. Fundir

Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir en að jafnaði eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Skrifstofa HSÍ annast útsendingu fundarboðs með dagskrá og heldur fundargerð sem hún sendir afrit af til nefndarmanna og framkvæmdastjóra HSÍ.

3.gr. Hlutverk og verkefni

Læknanefnd skal skipuleggja starfssemi lækna og sjúkraþjálfara með landsliðum HSÍ. Læknanefnd skal sjá um skipulagningu og hafa umsjón með lækningum, sjúkraþjálfun og fylgist með lyfjaprófum á alþjóðlegum mótum og leikjum sem fram fara á Íslandi.

4.gr. Önnur störf

Læknanefnd skal annast önnur þau störf, sem stjórn HSÍ kann að fela henni á hverjum tíma.

5.gr. Ágreiningsmál

Stjórn HSÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum, sem kunna að rísa út frá reglum þessum.

6.gr. Gildistaka

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

Samþykkt af stjórn HSÍ 08.april 2009